

Lagt fyrir 385. fund velferðarráðs 21. október 2020
VEL2020090012
RÁ/sea/kg

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn um kostnaðargreiningu á sólarhringsopnun neyðarskýla borgarinnar.

Þann 16. september 2020 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna eftirfarandi fyrirspurn:

Sólarhringsopnun neyðarskýla hefur orðið að veruleika vegna COVID-19 faraldursins. Þjónustuþegar hafa fagnað þeirri breytingu og því er óskað eftir kostnaðargreiningu á því hvað það myndi kosta að breyta neyðarskýlum borgarinnar þannig að þar sé sólarhringsopnun og hvaða breytinga á samningum og húsnæði þyrfti að grípa til til að gera það mögulegt.

Svar:

Þrjú neyðarskýli borgarinnar eru opin frá kl. 17:00 til kl. 10:00 að morgni. Í neyðarskýlinu á Lindargötu hafa fjórir til fimm einstaklingar dvalið yfir daginn vegna heilsubrests. Í neyðarskýli fyrir konur í Eskihlíð dvelur ein kona yfir daginn af sömu ástæðu. Bæði konur og karlar hafa nýtt sér þessa opnun þegar um veikindi er að ræða. Eftir að Covid bylgjan hófst voru sett niður sóttvarnarhólf og þess gætt að að hópurinn færi ekki að fara á milli staða. Þannig hættu konur að koma á Lindargötuna og á Lindargötu voru skilgreind 12 undanþágupláss fyrir karlmenn sem voru í áhættu vegna smita vegna aldurs og veikinda. Konurnar sem þurftu á þessari þjónustu að halda fóru inn á gistiheimili og síðar í neyðarhúsnæðið í Skipholt 27 sem tók á móti þeim konum sem þurftu á dagþjónustu að halda.

Þegar upp koma ófyrirséðar aðstæður s.s. vegna slæms veðurs hafa skýli verð opin allan sólarhringinn.

Ef ákvörðun yrði tekin um sólarhringsopnun neyðarskýla yrði að gera breytingar á samningi við Rótina um rekstur Konukots en jafnframt að huga að breytingu á húsnæði þar sem þrengsli eru töluverð.

Bæta þyrfti 1,8 stöðugildi í Konukot og 1 stöðugildi í neyðarskýlið á Grandagarði til að mæta sólarhringsopnun. Árskostnaður er metinn í heild á ársgrundvelli 33 m.kr.